

Alþingi
Erindi nr. P 143/160
komudagur 6.11.2013



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu (9. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur felur í sér breytingu á viðskiptakjörum vegna greiðsluþjónustu.

Þrátt fyrir að Viðskiptaráð sé í grunninn sammála frumvarpshöfundum um mikilvægi neytendaverndar og þess að draga úr skuldsetningu íslenskra heimila þá tekur ráðið ekki undir réttmæti frumvarps þessa. Líkt og komið er inná í ítarlegri umsögn SFF við frumvarp þetta þá gildir sambærilegt kerfi hér og í langflestum ríkjum EES-svæðisins og byggir það m.a. einmitt á ströngum reglum til að tryggja gagnsæi fyrir neytendur.

Þá virðist gæta ákveðins misskilnings í frumvarpinu s.s. um að viðskiptaskilmálar færsluhirða banni tiltekna valkosti móttakenda korta. Auk þess eru breytingar á núgildandi regluverki fyrirsjáanlegar vegna breytinga innan ESB, sem rétt væri að rýna frekar þegar að þeim kemur í stað þess að innleiða séríslenskar reglur. Að lokum er farið ítarlega yfir grundvöll forsendna frumvarpsins um lækkun vöruverðs í umsögn SFF sem óþarft er að endurtaka hér.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands